



Reykjavík, 23. ágúst 2018

## Tap TM á öðrum ársfjórðungi nam 140 milljónum króna.

Á stjórnarfundum þann 23. ágúst 2018 samþykkti stjórn og forstjóri TM annað árshlutauppgjör félagsins fyrir árið 2018. Árshlutareikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins.

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM:

*"Afkoma TM á öðrum ársfjórðungi var lakari en gert hafði verið ráð fyrir í upphafi árs. Stór tjón ásamt auknum tjónþunga almennt setja mark sitt á uppgjörið og var samsett hlutfall 109,9%. Samsett hlutfall s.l. 12 mánuði er þá komið í 101,4%. Þá hafa verðbréfamarkaðir verið þungir og skiluðu skráð hlutabréf neikvæðri ávöxtun á fjórðungnum. Ávöxtun fjárfestingaeigna TM á öðrum ársfjórðungi var 1,2% sem verður að teljast ákveðinn varnarsigur í erfiðu árferði. Rekstrarspá fyrir næstu fjóra ársfjórðunga hefur verið uppfærð og gerir félagið nú ráð fyrir að samsett hlutfall verði 97% til næstu 12 mánaða og að ávöxtun fjárfestinga verði 8,3%."*

### Helstu niðurstöður annars ársfjórðungs 2018 voru eftirfarandi:

	2F 2018	2F 2017	Δ	Δ%	1H 2018	1H 2017	Δ	Δ%
Eigin iðgjöld	3.851	3.754	97	3%	7.638	7.228	409	6%
Fjárfestingartekjur	334	1.268	(934)	(74%)	1.071	2.594	(1.523)	(59%)
Aðrar tekjur	31	11	20	173%	39	24	15	65%
<b>Heildartekjur</b>	<b>4.216</b>	<b>5.033</b>	<b>(817)</b>	<b>(16%)</b>	<b>8.748</b>	<b>9.846</b>	<b>(1.098)</b>	<b>(11%)</b>
Eigin tjón	(3.442)	(3.227)	(215)	7%	(6.735)	(6.079)	(656)	11%
Rekstrarkostnaður	(901)	(832)	(69)	8%	(1.877)	(1.798)	(80)	4%
Fjármagnsgjöld	(41)	(48)	7	(15%)	(91)	(83)	(8)	10%
Virðisryrnun fjáreigna	(29)	(26)	(4)	15%	19	(3)	22	(837%)
<b>Heildargjöld</b>	<b>(4.413)</b>	<b>(4.132)</b>	<b>(281)</b>	<b>7%</b>	<b>(8.684)</b>	<b>(7.962)</b>	<b>(722)</b>	<b>9%</b>
Hagnaður fyrir tekjuskatt	(197)	901	(1.099)	(122%)	64	1.883	(1.820)	(97%)
Tekjuskattur	57	8	50	631%	85	(8)	93	(1.159%)
<b>Hagnaður (tap)</b>	<b>(140)</b>	<b>909</b>	<b>(1.049)</b>	<b>(115%)</b>	<b>149</b>	<b>1.875</b>	<b>(1.726)</b>	<b>(92%)</b>

Fjárhæðir eru í milljónum króna

### Samsett hlutfall á öðrum ársfjórðungi var 109,9%.

Samsett hlutfall TM á öðrum ársfjórðungi 2018 var nokkuð hærra en á sama tímabili á síðasta ári, eða 109,9% samanborið við 105,6% árið 2017. Áður birt rekstrarspá félagsins hafði gert ráð fyrir 100% samsettu hlutfalli á tímabilinu, en með afkomuviðvörðun þann 12. júlí sl. tilkynnti félagið að vegna aukningar í tjónakostnaði gerði félagið ráð fyrir samsettu hlutfalli um 109% á fjórðungnum. Samsett hlutfall TM síðustu 12 mánuði er 101,4%.

Verri afkoma af váttryggingastarfsemi á fjórðungnum og fyrri helmingi ársins skýrist einkum af hærri tjónshlutfalli í eignatryggingum, ábyrgðartryggingum og skipatryggingum. Eigin iðgjöld fyrri árhelmingis vaxa um 5,7% á milli ára á meðan eigin tjón hækka um 10,8%. Hagnaður TM fyrstu sex mánuði ársins er 149 m.kr. eftir skatta og framlegð af váttryggingastarfsemi var neikvæð um 753 m.kr.

Kostnaðarhlutfall félagsins á öðrum ársfjórðungi var 20,6% samanborið við 19,6% á sama tímabili 2017. Kostnaðarhlutfall síðustu 12 mánuði er 20,1% og gert er ráð fyrir að kostnaðarhlutfall næstu 12 mánuði verði 19%.

### **Ásættanlegar fjárfestingartekjur á krefjandi markaði**

Fjárfestingartekjur námu 334 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2018 sem jafngildir 1,2% ávöxtun. Áfram var góð afkoma af óskráðum hlutabréfum en skráð hlutabréf og hlutabréfasjóðir skiluðu mjög lélegri afkomu. Ávöxtun fjárfestingaeigna var með ágætum þegar tekið er tillit til þess að innlendir verðbréfamarkaðir skiluðu heilt yfir neikvæðri ávöxtun á fjórðungnum samanber markaðsvísitölu Gamma sem lækkaði um 0,3% á tímabilinu.

Fjárfestingartekjur á öðrum ársfjórðungi voru talsvert undir spá félagsins sem gerði ráð fyrir að fjárfestingartekjur myndu nema 620 m.kr. Þessi mikli munur skýrist nær eingöngu af verri afkomu af skráðum hlutabréfum og sjóðum sem og af öðrum verðbréfum, en afkoma þessara eignaflokka var samtals neikvæð um 218 m.kr.

Fjárfestingartekjur á fyrri helmingi ársins nema 1.071 m.kr. sem jafngildir 3,9% ávöxtun. Til samanburðar hækkaði markaðsvísitala Gamma um 2,3% á tímabilinu. Á seinni helmingi ársins er gert ráð fyrir að fjárfestingartekjur nemi 1.069 m.kr. en spá fyrir þriðja og fjórða ársfjórðung hefur verið færð niður. Þannig hefur spá fyrir þriðja ársfjórðung verið færð niður um 130 m.kr. og skýrist það aðallega af væntingum um verri afkomu af skráðum hlutabréfum og sjóðum, enda hefur innlendir hlutabréfamarkaður lækkað það sem af er ársfjórðungnum. Þá hefur spá fyrir fjórða ársfjórðung verið lækkuð um tæpar 90 m.kr. vegna væntinga um lægri afkomu af óskráða hlutabréfasafninu. Undanfarið hafa átt sér stað miklar breytingar á tveimur stærstu óskráðu hlutabréfaeignunum en þær telja um 44% af óskráðum hlutabréfum. Nú liggur fyrir að kaup N1 á SF V hafa verið samþykkt af Samkeppniseftirlitinu og fjárfestingin í S121 er í dag að stærstu leyti óbein fjárfesting í handbæru fé. Vegna framangreinds væntum við ekki sömu ávöxtunar af óskráða eignasafninu, sem skýrir lækkunina á spánni um fjárfestingartekjur á fjórða ársfjórðungi.

### **Lykiltölur annars ársfjórðungs 2018 voru eftirfarandi:**

	2F 2018	2F 2017	1H 2018	1H 2017
Hagnaður á hlut (kr.)	(0,21)	1,35	0,22	2,77
Arðsemi eigin fjár (m.v.12m)	( 4,3% )	32,8%	2,3%	32,8%
Eiginfjárhlutfall	33,7%	35,9%	33,7%	35,9%
Handbært fé frá rekstri	(116)	273	645	419
<b>Váttryggingastarfssemi</b>				
Tjónshlutfall	89,4%	85,9%	88,2%	84,1%
Kostnaðarhlutfall	20,6%	19,6%	21,7%	21,9%
Samsett hlutfall	109,9%	105,6%	109,9%	106,0%
Rekstrarafkoma	(213)	35	(327)	(38)
Framlegð	(383)	(210)	(753)	(435)
<b>Fjárfestingar</b>				
Ávöxtun fjáreigna	1,2%	4,9%	3,9%	10,2%

Fjárhæðir eru í milljónum króna

## Rekstrarspá

Rekstrarspá félagsins fyrir 2018 hefur verið endurskoðuð og er gert ráð fyrir að hagnaður fyrir skatta verði 1.086 m.kr. og samsett hlutfall 103%. Reiknað er með að ávöxtun fjáreigna á árinu verði 7,8%.

	3F 2018	4F 2018	1F 2019	2F 2019	Samtals	S 2018	2017	Δ	Δ%
Eigin iðgjöld	4.122	3.876	4.068	4.240	16.307	15.636	14.985	652	4%
Fjárfestingartekjur	324	745	388	872	2.330	2.141	3.750	(1.609)	(43%)
Aðrar tekjur	8	8	8	7	31	54	37	18	48%
<b>Heildartekjur</b>	<b>4.455</b>	<b>4.629</b>	<b>4.464</b>	<b>5.119</b>	<b>18.667</b>	<b>17.832</b>	<b>18.771</b>	<b>(940)</b>	<b>(5%)</b>
Eigin tjón	(3.080)	(3.105)	(3.333)	(3.216)	(12.734)	(12.920)	(11.873)	(1.048)	9%
Rekstrarkostnaður	(845)	(899)	(936)	(890)	(3.570)	(3.620)	(3.405)	(216)	6%
Fjármagnsgjöld	(43)	(44)	(43)	(43)	(174)	(178)	(162)	(17)	10%
Virðisryrnun útlána	(3)	(43)	(0)	(2)	(48)	(27)	(126)	99	(79%)
<b>Heildargjöld</b>	<b>(3.971)</b>	<b>(4.090)</b>	<b>(4.313)</b>	<b>(4.152)</b>	<b>(16.526)</b>	<b>(16.746)</b>	<b>(15.565)</b>	<b>(1.181)</b>	<b>8%</b>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>483</b>	<b>539</b>	<b>152</b>	<b>968</b>	<b>2.142</b>	<b>1.086</b>	<b>3.207</b>	<b>(2.121)</b>	<b>(66%)</b>
	<b>3F 2018</b>	<b>4F 2018</b>	<b>1F 2019</b>	<b>2F 2019</b>	<b>Samtals</b>	<b>S 2018</b>	<b>2017</b>		
<b>Vátryggingastarfssemi</b>									
Tjónshlutfall	75%	80%	82%	76%	78%	83%	79%		
Kostnaðarhlutfall	18%	20%	20%	18%	19%	20%	20%		
Samsett hlutfall	93%	100%	102%	94%	97%	103%	99%		
Framlegð	300	(11)	(80)	243	453	(464)	102		
<b>Fjárfestingar</b>									
Ávöxtun fjáreigna	1,2%	2,6%	1,3%	3,0%	8,3%	7,8%	14,9%		

Fjárhæðir eru í milljónum króna

## Kynningarfundur kl. 08.30 föstudaginn 24. ágúst.

TM býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á öðrum ársfjórðungi 2018 þann 24. ágúst kl. 08:30. Fundurinn fer fram í höfuðstöðvum TM að Síðumúla 24, 4. hæð. Þar kynni Sigurður Viðarsson forstjóri uppgjörð og svarar spurningum.

Árshlutareikning og afkomutilkynningu verður hægt að nálgast á vef félagsins, TM.is. Kynning á uppgjörinu verður einnig aðgengileg á sama stað við upphaf kynningarfundar. Hægt er að fylgjast með fundinum í gegnum vefinn á slóðinni:

<https://global.gotomeeting.com/join/711521557>

## Fjárhagsdagatal 2018.

3. ársfjórðungur: 25. október 2018.

4. ársfjórðungur: 15. febrúar 2019.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Viðarsson, forstjóri TM.

s: 515-2609.

sigurdur@tm.is.